

Bæjarstjórn Blönduóssbæjar

7. FUNDUR – 18. janúar 2011

Bæjarstjórn Blönduóssbæjar kom saman til 7. fundar þriðjudaginn 18. janúar 2011 kl. 16:00 að Hnjúkabyggð 33. Forseti bæjarstjórnar, Ágúst Þór Bragason setti fundinn og stjórnaði honum. Fundarritari var Auðunn Sigurðsson. Undirritaðir sátu fundinn.

Dagskrá:

1. *Heimsókn frá fulltrúum Motus*
2. *Þriggja ára áætlun – síðari umræða*
3. *Fundargerðir:*
 - a) *Bæjarráð frá 30. desember 2010*
 - b) *Bæjarráð frá 17. janúar 2011*

Afgreiðslur:

1. *Heimsókn frá fulltrúum Motus*

Á fundinn voru mætt þau Anna María Ingbórsdóttir og Grétar Eggertsson frá Innheimtufyrirtækinu Motus og kynntu fyrirtækið fyrir bæjarfulltrúum. Motus sér um innheimtumálin fyrir Blönduósbæ.

Að þessu loknu þakkaði forseti gestunum fyrir komuna og þau yfirlögðu fundinn.

2. *Þriggja ára áætlun – síðari umræða*

Arnar Þór Sævarsson, bæjarstjóri lagði fram 3. ára fjárhagsáætlun Blönduóssbæjar fyrir árin 2012-2014 til síðari umræðu og útskýrði áætlunina. Nokkrar umræður urðu um áætlunina en að henni lokinni var áætlunin borin undir atkvæði og var samþykkt með 7 atkvæðum.

3. *Fundargerðir:*

a. Bæjarráð frá 30. desember 2010

Fundargerðin er í 5 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Þó nokkrar umræður urðu um fundargerðina. Að þeim loknum var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

b. Bæjarráð frá 17. janúar 2011

Fundargerðin er í 9 liðum. Fundargerðin kynnt og tekin til umræðu. Þó nokkrar umræður urðu um fundargerðina. Að þeim loknum var fundargerðin borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða með 7 atkvæðum.

Forseti óskaði eftir því að taka upp liðinn önnur mál. Engar athugasemdir gerðar við það.

4. Reglur um afslátt af fasteignaskatti vegna ársins 2011.

Reglurnar í heild sinni bornar upp til atkvæða og samþykktar samhljóða með 7 atkvæðum.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt.

Ágúst Þór Bragason, forseti (sign.)

Zophonías Ari Lárusson (sign.)

Heiðrún Bjarkadóttir (sign.)

Kári Kárason (sign.)

Oddný María Gunnarsdóttir (sign.)

Þórdís Erla Björnsdóttir (sign.)

Þórdís Hauksdóttir (sign.)

Arnar Þór Sævarsson (sign.)

Fundi slitið kl. 17:55

Auðunn Sigurðsson, ritari (sign.)